



# ÁRSSKÝRSLA 2017

GOLFKLÚBBURINN ODDUR  
SÍMI: 565 9092 - [oddur@oddur.is](mailto:oddur@oddur.is)  
[www.oddur.is](http://www.oddur.is)



# Efnisyfirlit

- 4. Skýrsla stjórnar
- 5. Úrslit Meistaramóts GO 2017
- 6. Skýrsla formanns GO
- 12. Ársreikningur GO 2017
- 26. Skýrsla Kvennanefndar
- 30. Tölfræði úr haustkönnun
- 32. Tölfræði GO 2017
- 33. Skýrsla mótanefndar
- 35. Skýrsla afreksnefndar
- 38. Skýrsla félagsnefndar



**Ársskýrsla GO 2017**

Útgefandi: Golfklúbburinn Oddur

Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Þorsteinsson

Umbrot: Svavar Geir Svavarsson

Ljósmyndir: Helga Björnsdóttir, Svavar Geir Svavarsson, Baldur Hólmsteinsson, o.fl.

Prentun: Myndform

Forsíðumynd tók Helga Björnsdóttir af Ólöfu Agnesi og Erni Smára á Urriðavelli.



# Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Odds 2017



Á síðasta aðalfundi voru kjörin í stjórn Elín Hrönn Ólafsdóttir, sem nýr formaður, Halla Hallgrímsdóttir til tveggja ára og inn sem nýr varamaður kom Kári Sölmundarson. Fyrir í stjórninni sátu Einar Geir Jónsson, Ágústa Arna Grétarsdóttir, Svavar Geir Svavarsson og Þorvaldur Ólafsson varamaður sem fór út úr stjórn. Á árinu 2017 sagði Svavar Geir sig úr stjórn þegar hann tók við föstu starfi á skrifstofu klúbbsins og tók varamaður sæti hans í stjórn.

## Stjórn Odds starfsárið 2016-2017 var því þannig skipuð:

Elín Hrönn Ólafsdóttir:	formaður
Einar Geir Jónsson	varaformaður
Ágústa Arna Grétarsdóttir	ritari
Halla Hallgrímsdóttir	gjaldkeri
Svavar Geir Svavarsson	meðstjórnandi
Sigurður I. Halldórsson	áheyrnarfulltrúi GOF
Kári Sölmundarson	varamaður

## Endurskoðendur ársreiknings:

Davíð Einarsson og Helgi F. Arnarsson

Á starfsárinu voru haldnir 11 formlegir stjórnarfundir. Að auki voru haldnir fjöldi nefnda og vinnufunda vegna verkefna á vegum stjórnar GO. Í lok golfsumarsins 2017 voru 1.206 félagar skráðir í Golfklúbbinn Odd. Þar af voru 131 skráðir í Ljúflingsaðild.

## Starfsmenn GO 2017

<b>Framkvæmdastjóri:</b>	Þorvaldur Þorsteinsson
<b>Skrifstofustjóri:</b>	Svavar Geir Svavarsson
<b>Vallarstjóri:</b>	Tryggvi Ölver Gunnarsson
<b>Vallarstarfsmenn:</b>	Kristinn S. Jónsson Kristján Kristjánsson
<b>Verkstæði:</b>	Maron Tryggvi Bjarnason
<b>Vallarþjónusta:</b>	Baldur Hólmsteinsson
<b>Afgreiðsla:</b>	Svavar Geir Svavarsson Valdimar Júlíusson Ottó Bjartmarz
	Anna Ragnheiður Jörundardóttir

## Hola í höggi

Eftirtaldir kylfingar fóru hola í höggi á árinu 2017 á Urriðavelli og tilkynntu til Einherja-klúbbsins.

Alastair Nigel Howarth Kent	4. hola
Svavar Geir Svavarsson	4. hola
Jón Guðmundur Kristinsson	4. hola
Sigurveig Jónsdóttir	4. hola
Sveinn Arason	4. hola
Auður Guðmundsdóttir	4. hola
Hafsteinn E. Hafsteinsson	4. hola
Anna Kristjánsdóttir	8. hola
Áki Jónsson	8. hola
Jóhanna Dröfn Kristinsdóttir	13. hola



Meistaramót Golfklúbbsins Odds fór fram

1. - 8. júlí 2017. Rúmlega 200 kylfingar tóku þátt í mótinu að þessu sinni sem heppnaðist vel. Breytingar voru gerðar á lengd mótsins og það núna leikið á 8 dögum sem þóttu tilætla á umferð á vellinum og heppnast afar vel. Hér eru upplýsingar um sigurvegara í þeim flokkum sem keppt var í. Klúbbmeistarar í meistaraflokkum urðu þau Rögnvaldur Magnússon og Hrafnhildur Guðjónsdóttir.

### Klúbbmeistarar Golfklúbbsins Odds 2017

#### Meistaraflokkur karla

Rögnvaldur Magnússon 317 högg

#### Meistaraflokkur kvenna

Hrafnhildur Guðjónsdóttir 347 högg

#### Barnaflokkur punktar.

Arnar Daði Svavarsson 65 punktar

#### 65+ karlar höggleikur.

Þór Geirsson 243 högg

#### 65+ karlar punktar.

Hjálmar Jónsson 92 punktar

#### 50-64 karlar höggleikur.

Hafsteinn E Hafsteinsson 239 högg

#### 50-64 karlar punktar.

Ingi Kristinn Magnússon 87 punktar

#### 50-64 konur punktar.

Hafdís Hilmarsdóttir 100 punktar

#### 65+ konur punktar.

Bríet Þorsteinsdóttir 95 punktar

#### 5.flokkur karla punktar.

Þorsteinn Jónsson 113 punktar

#### 4. fl. karla höggleikur.

Dagbjartur Björnsson 371 högg

#### 3. fl. karla höggleikur.

Jón Ævarr Erlingsson 367 högg

#### 2. fl. karla höggleikur.

Axel Óli Sigurjónsson 338 högg

#### 1. fl. karla höggleikur.

Reynir Daníelsson 341 högg

#### 4. fl. kvenna punktar.

Helena Hilmarsdóttir 91 punktar

#### 3. fl. kvenna punktar.

Ágústa Kristjánsdóttir 88 punktar

#### 2. fl. kvenna höggleikur.

Katla Björg Sigurjónsdóttir 388 högg

#### 1. fl. kvenna höggleikur.

Sólveig Guðmundsdóttir 348 högg

#### Holukeppni GO 2017

Hilmar Vilhjálmsson



# Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Odds 2017

- Elín Hrönn Ólafsdóttir formaður GO skrifar:



„lengsta golfár í sögu klúbbsins“

Kæru félagar.

Nú þegar ég stend hér fyrir framan ykkur á aðalfundi eftir mitt fyrsta starfsár sem formaður vil ég þakka öllum þeim félögum sem komið hafa að máli við mig og gefið mér góð ráð og ábendingar um hvað eina sem kemur að okkar frábæra golfklúbbi, því lengi má gott bæta.

Mildur og góður vetur gaf fyrirheit um að Urriðavöllur myndi opna snemma þetta vorið en vetur konungur var þó á öðru máli og skellti í lás og við urðum að bíða fram í byrjun maí þó margir hafi verið farnir að horfa á opnun í byrjun apríl í hyllingum. Þó sumarið hafi því byrjað heldur seint þá varð úr að golfárið var það lengsta í sögu Golfklúbbsins Odds en völluminn var samfelldur opinn frá 10. maí til 1. nóvember.

## Stjórn og starfsfólk

Á síðasta aðalfundi voru kjörin í stjórn Elín Hrönn Ólafsdóttir, sem nýr formaður, Halla Hallgrímsdóttir til tveggja ára og inn sem nýr varamaður kom Kári Sölmundarson. Fyrir í stjórninni sátu Einar Geir Jónsson, Ágústa Arna Grétarsdóttir, Svavar Geir Svavarsson og Þorvaldur Ólafsson varamaður sem fór út úr stjórn. Á árinu 2017 sagði Svavar Geir sig úr stjórn þegar hann tók við föstu starfi á skrifstofu klúbbsins og tók varamaður sæti hans í stjórn. Þeir Helgi F. Arnarson og Davíð Einarsson voru kjörnir skoðunarmenn reikninga. Ábjörn Björnsson til vara. Sigurður Ingi Halldórsson sat stjórnarfundum sem

áheyrnarfulltrúi samkvæmt samningi við landeigendur. Stjórnin hélt 11 bókaða stjórnarfundum á árinu ásamt fjölda vinnufunda.

Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu eru Þorvaldur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri og Svavar Geir Svavarsson markaðs- og skrifstofustjóri sem tók við starfi þar 1. mars.

Tryggvi Ölver Gunnarsson fór fyrir vallarstarfsmönnum sem fyrr en hann hefur starfað hjá okkur í 17 ár. Með honum við umsjón valla og tækja í föstu starfi störfuðu þeir Kristinn S. Jónsson, Kristján Kristjánsson og Maron Tryggvi Bjarnason. Að auki komu 7 starfsmenn að umhirðu vallarins í sumar.

Valdimar Lárus Júlíusson og Ottó Axel Bjartmarz stóðu vaktina í afgreiðslunni og þeim til halds og trausts var Svavar Geir Svavarsson. Vaktina á völlum stóð svo Baldur Hólmsteinsson af sinni alkunnu snilld. Í sumarlok eftir að Ottó Axel



Þorvaldur framkvæmdastjóri og Elín Hrönn formaður á góðri stundu í lokahófi MM.

Bjartmarz fór erlendis í skóla leysti hún Anna Ragnheiður Jörundsdóttir af nokkrar vaktir.

Golfkennslan í ár var í höndum Golf Akademíu Odds þar sem þeir Phill Hunter og Rögnvaldur Magnússon sáu um alla kennslu. Magnús Birgisson sem starfað hafði við golfkennslu hjá okkur í áratug og Andrea Ásgrímsdóttir sem hafði verið með í kennarahóp okkar um nokkurra ára skeið héldu bæði til annarra starfa og viljum við færa þeim sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag hér hjá Golfklúbbnum Oddi. Ottó Axel Bjartmarz starfað við barnanámskeiðin sem voru gífurlega vinsæl í sumar og greinilega tækifæri til þess að byggja á þeim efnivið til framtíðar ef aðstæður leyfa.

Veitingaþjónusta var í umsjón Par 3 ehf., þar sem Nikulás og Pálína stóðu vaktina ásamt sínu fasta starfsfólki eins og undanfarin ár. Almenn ánægja var með þeirra störf í sumar eins og skoðanakönnun í lok árs sýndi og vil ég færa þeim sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag og viðmót.

Öllu þessu góða fólki færi ég bestu þakkir fyrir samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.



### Félagsmenn

Skráðir félagsmenn í Oddi voru í lok starfsársins 1206 Af þeim eru 1.075 með fulla félagsaðild en 131 félagar eru með Ljúflingsaðild. Oddur er fjórði stærsti klúbbur landsins innan vébanda GSÍ og eru félagsmenn í Oddi 7,1% af heildarfjölda kylfinga á Íslandi sem nú telja 17 þúsund manns.

Bókaðir hringir á Urriðavelli voru 26.722. Til samanburðar voru 26.438 hringir bókaðir í fyrra og því er aukningin um 1% á milli ára.

Konur í golfklúbbnum Oddi eru nú 491 talsins eða 41% félagsmanna. Enn sem fyrr er Oddur með hæsta hlutfall kvenna í sínum röðum í samanburði við aðra golfklúbba. Stjórn klúbbsins er stolt af þessari þróun og undirstrikar mikið og gott starf sem unnið er af kvennanefnd klúbbsins.

### Félagsstarf

Félagsstarf var með hefðbundnu sniði á liðnu starfsári þar sem innanfélagsmót eru kjarninn í starfinu ásamt því að félagsnefnd stóð fyrir viðburðum til að lífga upp á starfið markvisst. Félagsmönnum í Oddi stóð til boða að nýta nýja og glæsilega aðstöðu GKKG við Vífilstaði gegn vægu gjaldi en vissulega finnum við þörf fyrir því að vera okkar eigin herrar og stýra markvissu félagsstarfi allt árið frá okkar eigin aðstöðu.

Liðakeppni GO, Powerade-mótaröðin hélt sínum sessi og hefur verið miðpunktur í mótastarfi undanfarin sumur og verið aðlöguð að kröfum félagsmanna um fjölbreytni í mótahaldi eins og óskir hafa komið fram hverju sinni.

Meistaramót GO tókst afar vel í ár með þeim breytingum sem gerðar voru sem aðallega fólust í því að lengja mótið um einn dag. Að sjálfsögðu voru veðurguðirnir í aðalhlutverki og buðu bæði upp á blíðskaparveður og einnig rok og rigningu. Þeir keppendur sem létu ekki veðurspár hrekja sig frá mótinu voru almennt verulega ánægðir í mótslok. Rögnvaldur Magnússon og Hrafnhildur Guðjónsdóttir eru klúbbmeistarar GO árið 2017 eftir sigur í meistaraflokkum karla og kvenna.

Holukeppnin hefur fest sig í sessi hjá okkur og konur í golfklúbbnum hafa einokað fyrsta sætið undanfarin ár en að þessu sinni stóð uppi sem sigurvegari með glæsibrag Hilmar Vilhjálmsson.

Bændaglíman okkar sem er væntanlega sú fjölmennasta á landinu í dag ef tölur okkar eru réttar er til marks um það að góður andi ríkir í okkar starfi. Til að mæta þessari góðu aðsókn höfum við þurft að hafa mótið á báðum völlum okkar og leika þannig 27 holur og hefur það tekist einstaklega vel. Ég færi Valda og öllum þeim sem komu að framkvæmd og skipulagningu móta í sumar bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Ný félagsnefnd hóf vegferð í því að byggja upp fasta viðburði í okkar starfi og standa vonir til þess að á komandi tímabili verði líf og fjör á ýmsum vígstöðvum. Miðlun upplýsinga á okkar helstu miðlum hefur gengið vel og reynt er að halda úti reglulegum fréttabréfum, facebookfærslum og fréttum á heimasíðu.

Kvennastarfið okkar heldur áfram að vera öflugt og í miklum blóma, í raun algjörlega til fyrirmyndar eins og lesa má í skýrslu kvennanefndar hér í ritinu. Þær eru einnig virkar á facebook-síðu sinni „konur í



golfklúbbnum Oddi“ og um að gera að fyrir konur klúbbsins að tengjast þeirri síðu.

Haustferðin okkar var að sjálfsögðu á sínum stað og farið var að þessu sinni í 10 daga ferð til Novo Sancti Petri, 12-22. október. Rétt um 40 félagsmenn fóru í þessa ferð og því miður áttum við ekki fleiri sæti en hefðum miðað við eftirspurn auðveldlega geta bætt við 10 manns í ferðina. Við stefnum að því að setja upp afmælisferð á árinu 2018 og hefja sölu á þeirri ferð strax í upphafi árs 2018 – stefnum á 80 manna ferð og vonandi sjáum við ykkur sem flest þar.

### Afreks-, barna- og unglíngastarf

Sumarnámskeið fyrir börn og unglínga voru í boði eins og undanfarin ár. Að þessu sinni var frábær aðsókn á námskeiðin og fjölgaði þeim um helming milli ára og haldin voru 6 námskeið sem um 120 krakkar á aldrinum 6 – 12 ára sóttu. Klúbburinn hefur fína aðstöðu upp á að bjóða fyrir þessi námskeið hér á Urriðavelli, bæði æfingasvæðið og Ljúfling. Þegar horft er til æfingastarfs hjá þeim krökkum sem eru komnir af byrjendastiginu þá hefur fækkað í þeim hópi og það þarf að skoða og vinna markvisst að fjölgun á ný og öruggt að með uppbyggingu á aðstöðu innan okkar golfsvæðis ætti það að stuðla að fjölgun í okkar æfingastarfi barna og unglínga á ný. Á árinu átti GO einungis 4 fulltrúa í ungu liði GO á Íslandsmóti Golfklúbba 12 ára og yngri en enga aðra keppendur á mótum á vegum GSÍ.

Allir afrekshópar karla og kvenna, eldri og yngri æfðu síðastliðinn vetur eins og undanfarin ár. Við tókum til þess ráðs að sameina þessa hópa undir einn hatt og tókst það ágætlega og úr varð eins góð nýting á þeim tímum sem við höfðum aðgang að. Keppnisveitir GO tóku þátt í Íslandsmóti golfklúbba og náðu allar mjög



góðum árangri. Karlasveitin sigraði með glæsibrag í 3. deild og spilar í 2. deild á næsta ári. Kvennasveit GO lék að venju í 1. deild kvenna og gerði vel þetta árið og endaði í 6. sæti og hélt sæti sínu í efstu deild kvenna. Sveitir eldri kylfinga karla og kvenna höfnuðu einnig í 6. sæti í efstu deild og héldu sæti sínu í hópi þeirra bestu.

### Umhverfsvottun GEO

Afrakstur um þriggja ára vinnu við umhverfsvottun varð að veruleika núna í nóvember þegar Golfklúbburinn Oddur hlaut hina alþjóðlegu GEO Certified® vottun. Vottunin tekur á flestum þáttum starfseminnar, en GEO Foundation er óháður vottunaraðili fyrir golfvallarsvæði og staðfestir vottunin að Golfklúbburinn Oddur starfar með umhverfi sínu á sjálfbæran hátt. Þeir þættir sem vottunin tekur sérstaklega til eru náttúran, auðlindanotkun og samfélagið sem við störfum í. Það er alveg ljóst að vottunin er ekki endapunktur, heldur er hún miklu frekar upphafið að frekari starfi og endurbótum í starfsemi golfklúbbsins. Ljóst er að vottunin mun styðja við frekari uppbyggingu golfvallarsvæðisins, bæði til golfiðkunar og almennrar útivistar. Í tengslum við umhverfsvottunina óskuðum við eftir tilboðum frá raforkusölu

### *Kvennalið GO á Íslandsmóti Golfklúbba á Akranesi*







fyrirtækjum í rafmagn. Skemmst er frá því að segja að Orkusalan bauð hagstæðast og í kaupbæti settu þeir upp hraðhleðslustöð fyrir rafbíla á bílplaninu.

### Fjárfestingar og framkvæmdir

Á árinu hófust framkvæmdir við vélageymslu sem stefnt var á að yrði klár fyrir veturinn en sú vinna stendur enn yfir. Framkvæmdin er á forræði Golfklúbbs Oddfellowa og er vonast til að vélageymslan verði risin áður en nýtt ár gengur í garð.

Við höfum verið í viðræðum og samstarfi við Garðabæ síðustu tvö ár um að koma vatnsmálum okkar í lag til frambúðar. Við höfum verið að nota neysluvatn til vökvunar eftir að gamla borholan okkar gafst upp og féll að öllum líkindum saman. Það þykir ekki góð latína að nota neysluvatn til vökvunar á golfvelli og kom það fljótt í ljós þegar við vorum að vinna í umhverfsvottun okkar því þetta var eitt stærsta atriðið sem við þurftum að koma í lag. Við þurfum mikið vatnsmagn í stuttan tíma á þurrkatímum og þegar við keyrum okkar vatnshausa þá erum við að nota allt það vatn sem okkur býðst úr lögninni frá Urriðaholti eða um 5 sekúndulítra. Þar sem við erum endapunktur í vatnsveitu Garðabæjar erum við að tæma kalda vatnið úr holtinu þegar við vökvum. Því var ákveðið að bora nýja vatnsholu á árinu í samstarfi við Garðabæ. Sú borun tókst framar vonum og sýna mælingar að við náum rúmlega 15 sekúndulítrum af vatni út úr holunni en sú gamla skilaði okkur um 3 sekúndulítrum. Við munum því hafa nægt vatn á völlinn og einnig ef af stækkun vallarins verður. Tengihús fyrir borholuna var svo steipt upp og er gert ráð fyrir því að ný dæla verði sett niður í holuna á næstu vikum. Vonast er til að sú vinna klárast á næstu mánuðum svo allt verði komið í virkni næsta sumar. Verðum við því orðin sjálfbær með vatn næsta vor.

Við bíðum enn eftir því að lögn fyrir heitt vatn og ljósleiðara að golfskálanum sem lögð var 2016 verði tengd golfskálanum en vonir okkar standa til þess að það verði að veruleika á komandi starfsári. Búið er að deiliskipuleggja það svæði sem við munum tengjast og bíðum við nú eftir að framkvæmdir hefjist þar svo við getum tengst. Við erum því enn eins og sveitabær langt frá byggð þó byggðin sé nú komin að túnfæti golfvallarins.

Af framkvæmdum á völlum okkar er það helst frá að segja að byggður var skjólveggur á sameiginlegum teigum 46 og 49 á 9. braut og þar settur bekkur sem eykur öryggi kylfinga til muna á því svæði og sýndi sú framkvæmd enn á ný framúrskarandi

handbragð og útsjónarsemi vallarstarfsmanna okkar. Að öðru leiti var unnið að minniháttar lagfæringum á glompum, stígum og umhverfinu í heild og bygging gervigrasteiga á Ljúflingi hélt áfram.

### Vinavellir

Á árinu vorum við með samning við 10 frábæra golfvelli. Við fórum fyrstir golfvalla út fyrir landssteinanasem þótti eftirtektarvert þegar kemur að vinavöllum en samið var við Craigiellaw Golf Club í Skotlandi. Við góðan hóp vinavalla á árinu bættust við Jaðarsvöllur á Akureyri og Vestmannaeyjavöllur. Þorlákshöfn hætti með samning við okkur en samningar voru í gildi við Strandarvöll við Hellu, Húsatóftarvöll við Grindavík, Hamarsvöll við Borgarnes, Garðavöll á Akranesi, Glannavöll við Bifröst, Haukadalsvöll við Geysi og Hólmsvöll á Suðurnesjum.



### Stækkun Urriðavallar

Aðalskipulag Garðabæjar leit dagsins ljós síðasta vor og í því var ekki gert ráð fyrir að við gætum stækkað völlinn að hluta í það sem við köllum Flatahraun. Landeigendur voru búnir að láta vinna nýtt deiliskipulag fyrir svæðið og því voru það vonbrigði að ekki hafi verið tekið tillit til þeirrar vinnu í aðalskipulaginu. Opinn fundur um deiliskipulagið var haldinn hér í golfskálanum í júní þar sem tillögurnar voru kynntar auk þess sem skýrsla Náttúrufræðistofnunar var kynnt sem gaf jákvæða umsögn um fyrirhugaða legu golfbrauta eins og þær lágu þá fyrir í drögum. Athugasemdir voru svo gerðar við aðalskipulagið og er skemmst frá því að segja að í endanlegu aðalskipulagi var tekið tillit til þeirra og opnað fyrir þann möguleika að nokkrar golfbrautir séu þar lagðar. Verkefni næstu stjórnar á næsta starfsári er því að þoka þessu máli áfram.



*Elervör í fullri sveiflu*

### Inniaðstaða

Skortur á inniaðstöðu hefur löngum staðið íþróttastarfi og öðru félagsstarfi okkar fyrir þrifum á veturna. Er nú svo komið að við höfum dregist verulega aftur úr öðrum klúbbum í nágrenni við okkur. Golfið er ekki lengur eingöngu stundað á sumrin heldur er golfið orðið að heilsársíprótt. Þeir sem ætla sér að ná langt í íþróttinni eru við æfingar allt árið. Þetta hefur leitt til þess að margir keppniskylfingar hafa skipt yfir í nágrennasklúbbana okkar þar sem inniaðstaða er til fyrirmyndar. Við höfum átt ágætt samstarf við nágrenna okkar í GKJ varðandi æfingahópa og félagar okkar hafa haft aðgang að íþróttamiðstöð þeirra þegar þeir eru ekki með æfingar. Þótt við höfum mætt velvild nágrenna okkar er það engin lausn á okkar vanda því sú aðstaða sem þeir hafa er nú þegar sprungin. Forsenda þess að Golfklúbburinn Oddur þróist og eigi kylfinga á mótariðum hér innanlands og vonandi einhvern tíma í framtíðinni erlendis, er að við höfum okkar eigin inniaðstöðu til æfinga og líkamsræktar fyrir félagsmenn. Við höfum helst horft til þess að byggja þar sem núverandi æfingabásar eru. Til að hefja þessa vinnu verður stofnuð undirbúningsnefnd um inniaðstöðu sem mun taka til starfa á nýju ári.

### Fjármál

Á síðasta aðalfundi kom það skýrt fram hjá fyrrverandi formanni að fjármál og rekstur klúbbsins væri á erfiðum stað og afkoma klúbbsins í fyrra öllum mikil vonbrigði. Ljóst er að Evrópumót kvennalandsliða í fyrra hafði meiri áhrif á rekstur klúbbsins en áætlað var.

Það er engin launung að áhersla mín sem nýr formaður var að koma lag á þá þætti sem hafa áhrif á rekstur golfklúbbsins. Mikil vinna fór í að læra um alla áhrifaþætti rekstursins sem og það umhverfi sem við vinnum í. Umhverfið sem Golfklúbburinn Oddur starfar í er á engan hátt samanburðarhæft við aðra golfklúbba á höfuðborgarsvæðinu þar sem engin annar klúbbur greiðir sambærilega leigu til landeigenda eins og við. Ef ekki þyrfti að greiða þá háu leigu sem við greiðum stæðum við jafnfætis öðrum klúbbum og yrðum því samanburðarhæf. Strax í upphafi árs leitaðist ný stjórn við að ná betri samningum við landeigendur og stóð sú vinna allt starfsárið því nú nýlega náðust samningar. Nýr 3ja ára samningur hefur verið undirritaður. Nýr samningur mun bæta rekstur Golfklúbbsins Odds, meðal annars með lægri leigu til landeigenda, aukinni samvinnu og auknum skilningi beggja aðila á rekstrargrundvelli golfklúbbsins.





Ég vil þakka öllum samningsaðilum fyrir þann árangur sem náðst hefur þó oft hafi blásið okkar á milli. Ég er sannfærð um að við eigum eftir að eiga gott samstarf næstu þrjú árin.

Annar stór þáttur í rekstrarumhverfi okkar er samvinna og skilningur Garðabæjar á þörfum okkar sem íþróttafélags. Skilningur sem virðist ekki alltaf hafa verið til staðar. Á árinu höfum við átt góða fundi með Íþróttta-og tómstundaráði Garðabæjar sem og bæjarstjóra þar sem við höfum komið okkar málefnum á framfæri, málefnum eins og aðgreiningu okkar frá Oddfellow reglunni, með öðrum orðum að reyna að útrýma sögusögnum af 25 ára gömlu loforði landeigenda að Garðabær þurfi ekki að bera kostnað af starfsemi í Urriðavatnsdölum, ég segi sögusögnum því ekkert finnst skriflegt hvað þetta loforð varðar. Einnig ræddum við hvar við stöndum í uppbyggingu á barna- og unglingastarfi, hver framtíðarsýn okkar er í ljósi allrar þeirrar uppbyggingar sem hefur orðið á nærumhverfi okkar, stækkun vallar, byggingu inniaðstöðu og auðvitað að fá njóta sanngirnis þegar kemur að styrkveitingum sveitafélagsins til Golfklúbbsins Odds. Að mínu viti náðum við árangri með öllum þessum fundum, árangur sem kemur ekki fram strax en hann skilar sér að lokum.

Eins og þeir sjá sem hafa náð að fletta í gegnum reikninga félagsins þá hefur orðið nokkur viðsnúningur í rekstri félagsins frá síðasta ári. Viðsnúningur sem við stjórnin erum afar stolt af enda fórum við af stað í upphafi árs með það að markmiði að leggja áherslu á fjármál og rekstur klúbbsins. Góð samvinna, aukið eftirlit, aðhaldssemi í rekstri og gott veðurfar spilar hér stórt hlutverk. Rekstur klúbbsins verður næstu árin í gjörgæslu líkt og verið hefur undanfarið ár þangað til við náum

jafnvægi í rekstri með viðunandi eigið fé til að geta mætt þeim ófyrirséðna kostnaði sem til dæmis slæmt veðurfar hefur í för með sér. Rekstur Golfklúbbsins Odds er dýr og félagsgjöldin hærri miðað við aðra golfklúbba enda hér um að ræða völl með umgjörð á heimsmælikvarða því er það bæði eðlilegt og mikilvægt að við skiljum þátt styrktaraðila í okkar rekstri, án þeirra væri Golfklúbburinn Oddur vart starfandi.

### Að lokum

Það ætti að vera öllum ljóst að mitt fyrsta ár sem formaður Golfklúbbsins Odds hefur verið annasamt og jafnfram afar lærdómsríkt því gat ég ekki með neinu móti sagt starfi mínu lausu og hef því ákveðið að bjóða mig áfram fram til formanns. Það er mér mjög mikill heiður að fá að vinna bæði fyrir ykkur og klúbbinn að þeim málefnum sem okkur öll varðar. Ég er svo stolt af vellinum okkar, stolt að heyra alla hrósa vellinum, starfsfólki og þjónustu hvort sem um er að ræða félagsmann eða annan kylfing, þakklát að hér ríkir góður félagsandi því það er svo sannarlega ekki sjálfgefið.

Ég þakka starfsmönnum klúbbsins fyrir vel unnin störf og öllum þeim sjálfboðaliðum sem rjúka til þegar kallið kemur. Bestu þakkir sendi ég til fyrirtækja sem lögðu starfsemi mínu á liðnu ári. Að lokum þakka ég meðstjórnendum mínum og Sigurði Inga Halldórssyni fyrir samstarfið á árinu, af ykkur lærði ég margt.

Stjórn Odds óskar félagsmönnum sínum gleði og gæfu á nýju ári og þakkar fyrir ánægjulegar samverustundir á árinu sem er að líða.

f.h. stjórnar Golfklúbbsins Odds

**Elín Hrönn Ólafsdóttir**





## **Golfklúbburinn Oddur**

**Ársreikningur 2017**

**Golfklúbburinn Oddur  
Kennitala 611293-2599  
Pósthólf 116, 212 Garðabær**

# Efnisyfirlit

---

bls.

Áritun stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðenda .....	4-5
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymi .....	8
Skýringar .....	9
Sundurliðanir .....	10-12

## Áritun stjórnar á ársreikninginn

---

Stjórn Golfklúbbsins Odds og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning klúbbsins fyrir tímabilið 1. nóvember 2016 til 31. október 2017 með undirskrift sinni.

Garðabæ, 30. nóvember 2017

Í stjórn Golfklúbbsins Odds:

Þuríðrönn Ólafsdóttir  
Jana Tungvímudóttir  
Einar Guð Jónsson  
E. Söfll  
Agneta A. Grétasdóttir

Framkvæmdastjóri

Fransdur Fran Jónsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Golfklúbbnum Oddi.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Golfklúbbsins Odds fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu klúbbsins 31. október 2017 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé frá 1. nóvember 2016 til 31. október 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháðklúbbnum í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi klúbbsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningssskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa klúbbinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi klúbbsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert klúbbinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Garðabæ, 30. nóvember 2017

  
Davíð Einarsson

  
Helgi F. Arnarson



## Rekstrarreikningur 1. nóvember 2016 til 31. október 2017

	Skýringar	1.11.2016- 31.10.2017	1.11.2015- 31.10.2016
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Félagsgjöld .....	2	103.169.500	98.736.250
Vallartekjur .....	3	32.375.583	31.012.255
Styrkir og fjáraflanir .....	4	29.424.158	29.812.935
Aðrar tekjur .....	5	8.741.509	10.031.748
		173.710.750	169.593.188
 <b>Rekstrargjöld:</b>			
Vörunotkun .....	6	3.915.555	4.619.898
Laun og launatengd gjöld .....	7	81.382.473	84.097.186
Íþróttastarf .....	8	12.524.421	13.450.021
Rekstur Urriðavallar .....	9	36.643.142	44.473.416
Rekstur golfskála og bygginga .....	10	7.941.814	8.436.854
Rekstur véla og tækja .....	11	15.950.840	12.434.186
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....	12	6.905.226	6.116.680
		165.263.471	173.628.241
 <b>Rekstrarhagnaður f. afskr. og fjármagnsliði</b>		8.447.279	(4.035.053)
 Afskriftir fastafjármuna .....		998.546	1.062.896
 <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		846.896	914.443
Vaxtagjöld og verðbætur .....		(1.604.041)	(570.026)
		(757.145)	344.417
 <b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>		6.691.588	(4.753.532)

## Efnahagsreikningur 31. október 2017

	Skýringar	31.10.2017	31.10.2016
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjámunir</b>			
Vallareftirlitsbíll .....		776.484	913.511
Golfbílar/golfsett/kerrur .....		7.753.673	8.115.192
Aðrar eignir .....		8.499.847	0
		<u>17.030.004</u>	<u>9.028.703</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		6.943.556	13.380.744
Birgðir, endursöluvörur .....	6	2.778.891	3.562.306
Vallarvörubirgðir .....		3.129.728	3.485.218
Handbært fé .....	13	1.509.312	66.488
		<u>14.361.487</u>	<u>20.494.955</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>31.391.491</u></u>	<u><u>29.523.658</u></u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	14	8.588.469	1.896.881
 <b>Skammtímaskuldir</b>			
Yfirdráttur á tékkareikningi .....		0	3.720.465
Ógr laun og launatengd gjöld .....	15	7.014.751	8.103.814
Ýmsar skammtímaskuldir .....	16	10.683.591	9.332.938
næsta árs afborganir langtímaskulda .....		1.493.303	1.319.316
		<u>19.191.645</u>	<u>22.476.533</u>
 <b>Langtímaskuldir</b>			
Landsbankinn v/golfbíla .....		5.104.680	6.469.560
- næsta árs afborganir .....		(1.493.303)	(1.319.316)
		<u>3.611.377</u>	<u>5.150.244</u>
<b>Skuldir samtals</b>		22.803.022	27.626.777
 <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>31.391.491</u></u>	<u><u>29.523.658</u></u>

## Sjóðstreymi 1. nóvember 2016 til 31. október 2017

	1.11.2016- 31.10.2017	1.11.2015- 31.10.2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Hagnaður (tap) ársins .....	6.691.588	(4.753.532)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir .....	998.546	1.062.896
	7.690.134	(3.690.636)
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	6.437.188	(7.077.295)
Birgðir .....	1.138.905	(2.302.053)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir .....	(3.458.875)	10.368.503
	4.117.218	989.155
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	11.807.352	(2.701.481)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	(8.999.847)	(9.016.880)
	(8.999.847)	(9.016.880)
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		
Afborganir langtímaskulda .....	(1.364.880)	0
Ný langtímalán .....	0	6.469.560
	(1.364.880)	6.469.560
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	1.442.824	(5.248.801)
Handbært fé í byrjun tímabils .....	66.488	5.315.289
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	1.509.312	66.488

# Skýringar

---

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.2 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### 1.3 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar til eignar á innkaupsverði.

### 1.4 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum að frádreginni skuld við lánastofnanir. Yfirdráttur við lánastofnanir er færður á meðal skammtímaskulda.

### 1.5 Samningur við Golfklúbb Oddfellowa

Þann 27. nóvember 2017 var undirritaður nýr samningur við Golfklúbb Oddfellowa um leigu á öllum eignum Golfklúbbs Oddfellowa í Urriðavatnsdölum. Nánar er hér um að ræða 18 holu golfvöll ásamt æfingaaðstöðu, golfskála, vélageymslu með tilheyrandi lausafé og níu holu æfingarvöllinum Ljúflingi. Þá tekur GO á leigu vélar og tæki GOF, samkvæmt tækjalista. Samningurinn gildir frá 1.11.2017 til 31.10.2020. Leigugjaldið fyrir ofangreind afnot eru kr. 26.000.000 árlega, auk þess kr. 4.000.000 fyrir afnot af vélum og tækjum. Af leigugjaldinu eru 12.500.000 verðtryggðar m.v. vísitölu neysliverðs. Leigugjald fyrir vélar og tæki var 7.000.000 fyrir árið 2017.

## Sundurliðanir

	1.11.2016- 31.10.2017	1.11.2015- 31.10.2016
<b>2. Félagsgjöld</b>		
Félagsgjöld .....	102.469.500	98.022.250
Inntökugjald.....	700.000	714.000
	<u>103.169.500</u>	<u>98.736.250</u>
<b>3. Vallartekjur</b>		
Urriðavöllur.....	7.725.500	6.264.300
Ljúflingur.....	7.496.300	6.064.424
Tekjur af mótahaldi.....	10.410.376	13.030.400
Gjöld v/ vallartekna og mótahalds.....	(1.048.467)	(899.109)
Tekjur af boltavél á æfingasvæði.....	4.783.500	4.355.800
Gjöld af boltavél á æfingasvæði.....	(545.381)	(450.050)
Golfbílaleiga, kerruleiga.....	3.553.755	2.646.490
Tekjur af EM kvenna.....		9.401.234
Gjöld af EM kvenna.....		(9.401.234)
	<u>32.375.583</u>	<u>31.012.255</u>
<b>4. Styrkir og fjáröflun</b>		
Styrkir og stuðningur fyrirtækja.....	14.924.311	15.612.935
Styrkir sveitarfélaga.....	6.000.000	6.000.000
Aðrar fjáraflanir.....	8.499.847	8.200.000
	<u>29.424.158</u>	<u>29.812.935</u>
<b>5. Aðrar tekjur</b>		
Leigutekjur af golfskála.....	2.089.357	1.898.652
Lottó-getraunir.....	1.029.488	1.237.350
Vörusala .....	4.636.164	6.289.746
Aðrar tekjur .....	986.500	606.000
	<u>8.741.509</u>	<u>10.031.748</u>
<b>6. Vörunotkun</b>		
Innkaup til endursölu .....	3.131.941	5.530.783
Vörubirgðir í ársbyrjun .....	3.562.505	2.651.620
Vörubirgðir í árslok .....	(2.778.891)	(3.562.505)
	<u>3.915.555</u>	<u>4.619.898</u>
<b>7. Laun og launatengd gjöld</b>		
Launagreiðslur .....	60.616.435	64.836.957
Tryggingargjald .....	4.695.927	5.219.057
Lífeyrissjóðsgjöld .....	6.112.217	6.149.871
Sjóðagjöld .....	893.738	1.063.726
Aðkeypt vinna .....	3.121.249	2.850.285
Bifreiðaaafnot og bifreiðakostnaður starfsmanna .....	2.075.000	2.040.502
Ábyrgðartryggingar .....	163.339	160.446
Fæðiskostnaður vallarstarfsmanna .....	2.433.666	2.394.985
Endurgreiddur fæðiskostnaður .....	(361.320)	(315.050)
Önnur launatengd gjöld .....	963.166	379.617
Vinnufatnaður .....	669.056	867.479
Laun færð á mót .....	0	(1.550.689)
	<u>81.382.473</u>	<u>84.097.186</u>

## Sundurliðanir

	1.11.2016- 31.10.2017	1.11.2015- 31.10.2016
<b>8. Íþróttastarf</b>		
Páttaka í mótum .....	425.550	737.307
Rekstur keppnissveita .....	227.831	330.070
Verðlaun .....	901.884	759.398
Þjálfun og kennsla .....	3.160.000	2.540.635
Inniæfingaraðstaða .....	0	895.711
Félagsgjöld (aðildargjöld að GSÍ o.fl.) .....	6.025.156	5.890.800
Vallargjöld á vinavelli .....	1.784.000	2.296.100
	<u>12.524.421</u>	<u>13.450.021</u>
<b>9. Rekstur Urriðavallar</b>		
Leiga til GOF .....	26.000.000	26.000.000
Almennt viðhald vallar .....	3.523.490	9.677.828
Áburður og fræ .....	4.345.692	5.050.188
Túnpökur .....	364.000	763.001
Jarðefni, mold, sandur og akstur .....	2.112.790	2.930.319
Aðrar framkvæmdir á velli .....	297.170	52.080
	<u>36.643.142</u>	<u>44.473.416</u>
<b>10. Rekstur golfskála og bygginga</b>		
Viðhald húss og áhalda .....	1.377.628	914.346
Rafmagn og hiti .....	2.975.490	3.025.912
Rekstur öryggiskerfa .....	403.972	430.099
Sorphirða og gámaleiga .....	2.420.828	2.917.638
Annar kostnaður .....	763.896	1.148.859
	<u>7.941.814</u>	<u>8.436.854</u>
<b>11. Rekstur véla og tækja</b>		
Varahlutir og viðgerðir tækja .....	5.919.712	5.493.132
Eldsneyti og olíur .....	1.825.123	1.678.273
Vátryggingar og skattar .....	574.636	698.932
Smááhöld, verkfæri og rekstravörur .....	631.369	1.563.849
Leiga á tækjum frá GOF .....	7.000.000	3.000.000
	<u>15.950.840</u>	<u>12.434.186</u>
<b>12. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður</b>		
Sími, nettengingar, burðargjöld o.fl. ....	741.308	802.753
Ritföng, prentun, ljósrit, bækur og blöð .....	906.144	1.128.532
Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta .....	1.463.932	1.808.637
Áhöld og tæki skrifstofu .....	366.926	338.517
Fundarkostnaður, ráðstefnur .....	313.536	199.278
Auglýsinga- og kynningarkostnaður .....	1.250.800	188.367
Gjafir, risna .....	13.600	3.900
Vátryggingar .....	139.972	144.835
Aðkeypt bókhalds- og sérfræðiþjónusta .....	1.114.095	1.374.846
Annar kostnaður .....	594.913	127.015
	<u>6.905.226</u>	<u>6.116.680</u>

## Sundurliðanir

	1.11.2016- 31.10.2017	1.11.2015- 31.10.2016
<b>13. Handbært fé</b>		
Íslandsbanki; 0546-26-803 .....	176.084	66.488
Landsbanki 133-26-212 .....	1.333.228	0
	1.509.312	66.488
<b>14. Óráðstafað eigið fé</b>		
Óráðstafað eigið fé 1/11 .....	1.896.881	6.650.413
Hagnaður (Tap) ársins .....	6.691.588	(4.753.532)
	8.588.469	1.896.881
<b>15. Ógreidd laun og launatengd gjöld</b>		
Ógreidd laun .....	4.601.112	4.821.416
Ógreidd launatengd gjöld .....	833.696	1.780.227
Ógreidd staðgeiðsla og tryggingargjald .....	1.579.943	1.502.171
	7.014.751	8.103.814
<b>16. Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreiddir reikningar og kostnaður .....	10.273.052	10.277.021
Uppgjörsreikningur virðisaukaskatts .....	410.539	(944.083)
	10.683.591	9.332.938









## Kvennastarf GO - fullt af fjöri allt árið

*Skýrsla kvennanefndar - Inga Engilbertsdóttir, formaður kvennanefndar GO*

Kvennanefndina árið 2017 skipuðu: Inga Engilbertsdóttir, formaður, Andrea Guðnadóttir, Bergþóra María Bergþórsdóttir, Kristín Einarisdóttir, Kristín Björg Jónsdóttir, Signý Halla Helgadóttir, Sigríður Tryggvadóttir og Unnur Helga Kristjánsdóttir. Kvannanefndin kom saman reglulega til að skipuleggja og undirbúa starf ársins, sem var að venju fjölbreytt og öflugt. Oddskonur voru duglegar að taka þátt og stuðluðu að blómlegu starfi.

Púttmótaröð kvenna var á tímabilinu 14. janúar til 4. mars og voru alls 8 mót haldin. Að þessu sinni vorum við með aðstöðu hjá GKG í Kórnum í Kópavogi þar sem 18 holu púttvelli var breytt reglulega í hvert skiptið. Eins og áður var góð mæting og mikil barátta um efstu sætin alveg fram að síðasta móti.

Kvennakvöld Oddskvænna var byrjunin á sumarstarfinu, en það var haldið 14. mars í golfskálanum okkar. Þema kvöldsins var „Suðræn sveifla“ og mættu 120 konur og nutu frábærra veitinga vertsins okkar, eins og oft áður. Fjáröflunarleið sumarsins, sala á happdrættismiðum, gekk mjög vel og voru margir

góðir vinningar í boði. Púttrottning vetrarins var krýnd og var það Björg Kristinsdóttir sem sigraði og var með samanlagt 98 pútt á fjórum bestu mótunum.

Kampavínsvöldið var 8. maí. Sumarstarf kvannanefndar var kynnt, nýjar Oddskonur boðnar velkomnar og farið yfir helstu umgengnisreglur vallarins okkar. Þá var einnig boðið uppá glæsilega tískusýningu á golffatnaði og ýmissa aukahluta er tengjast golfinu.

Áfram var haldið að hvetja konur að skrá niður alla fugla og erni sumarsins og er þessi hefð greinilega komin til að vera. Þátttakan var frábær og gaman að eiga ýmsa tölfræði um þetta. Alls voru það 12 konur í ár sem fengu 5 fugla eða fleiri yfir sumarið, flestir fuglarnir fengust í júlí og það var 8. brautin, eins og fyrr, sem gaf flesta fuglana, eða alls 73 stk. Þrjár konur náðu að fara holu í höggi á vellinum okkar á árinu. Anna Kristjánsdóttir á 8. braut, Jóhanna Dröfn Kristjánsdóttir á 13. braut og Sigurveig Jónsdóttir á 4. braut. Fugladrottningin var svo krýnd á Lokamóti kvenna í september. Vorferðin innanlands er orðin árlegur



viðburður í kvennastarfinu hjá klúbbnum. Að þessu sinni heimsóttum við golfvöllinn á Öndverðarnesi 19. maí. Veðrið var frábært og völlurinn skartaði sínu fegursta. Alls komu 60 konur og áttum við góðan dag. Eins og undanfarin ár var boðið var upp á góðar veitingar, teiggjafir og vinninga.

Hin árlegu vinkvennamót milli GO kvenna og GK kvenna annars vegar og milli GO kvenna og GK kvenna hins vegar fóru fram í júní og júlí. Þann 13. júní fóru GO konur á Leirdalsvöll og þann 20. júní komu GK konur á Urriðavöll. GO konur náðu að sigra þriðja árið í röð og héldu því skildinum í húsi. Úrslit urðu GO konur 645 punktar og GK konur 633 punktur. Í júlí fóru svo fram vinkvennamótin milli GO og GK kvenna. Spilað var á Hvaleyrarvelli 12. júlí og á Urriðavelli 1. ágúst. Lentum við í arfa vitlausu veðri á Hvaleyrinni og mættu aðeins 49 konur í það mót (en yfir 100 konur voru í hinum mótunum). Ekki tókst GO konum að ná bikarnum í þetta skiptið og var baráttan mjög jöfn, GK konur voru með 644 punkta og GO konur með 632 punkta. Rætt hefur verið að breyta fyrirkomulagi þessara móta á næsta ári til að fá sem jafnastan þátttökufjölda frá báðum klúbbum til að gera þessi skemmtilegu vinkvennamót meira spennandi.

Skemmtimót sumarsins var að venju á Ljúflingi 27. júlí. Í ár var þemanu breytt úr „Hattar og Pils“ í „Léttar og litríkar á Ljúflingi“, en þá var leyfður margvíslegur fatnaður með það að leiðarljósi að hann væri sem litríkastur. Spilaður var 9 holu hringur með ýmsum golfafbrigðum, eins og að slá upphafshögg á fyrstu braut með púttar. Veitingabíllinn og „Vippstöðin“ sáu svo um að halda konum við efnið og bjóða brjóstbirtu við hæfi. Að móti loknu komu konur saman inn í skála og



snæddu kvöldverð og veittu viðurkenningum mót-töku.

Lokamót GO kvenna var haldið 9. september. Spilaðar voru 18 holur með tveggja manna Texas Scramble og Snærisleik með afbrigðum. Meðal annars með því að slá með tennisspaða upphafshöggið á 2. braut og á 14. braut þurfti að pútta með því að rúlla boltanum með hendinni í holuna. Þetta gerði mótið skemmtilegra og voru konur mismunandi útsjónarsamar í notkun snærisins. Fengum við nokkur sýnishorn af veðri í mótinu en að lokum komu allir sáttir í skála og snæddu dýrindis kvöldverð. Veitt voru margvísleg verðlaun og dregið var úr skorkortum og fóru allir heim með einhvern glaðning. Að lokum var Erlín Linda Sigurðardóttir dregin út sem Fugladrottning sumarsins 2017.

Kvennastarfið innan golfklúbbsins Odds hefur verið mjög öflugt síðustu ár og árið 2017 var þar engin undantekning. Þátttaka GO kvenna hefur verið með afbrigðum góð, en alls mættu 811 konur á hina ýmsu viðburði ársins. Vonumst við að sjálfsögðu til að svo verði áfram á komandi árum.





*Dýrleif Arna Guðmundsdóttir og Ólöf Agnes Arnardóttir í meistaramóti GO í sumar.*

Hægt er að segja að kvennastarfið sé eitt öflugasta starfið innan GO, enda hefur konum í klúbbnum fjölgað jafnt og þétt. Kvennanefndin hefur einnig haldið úti fésbókarsíðunni „Konur í Golfklúbbnum Oddi“, þar sem dagskrá, fréttir og viðburðir á vegum kvennastarfsins og kvennagölfínu almennt, eru settir inn og uppfærðir reglulega. Fésbókarsíðan er mikið notuð og þar eru nú skráðar 350 konur sem meðlimir.

Kvennanefndin vill hvetja þær konur í Oddi sem ekki eru meðlimir, að skrá sig þar inn. Einnig ef einhverjar konur í golfklúbbnum hafa ekki fengið tölvupóst frá kvennanefndinni, að þær láti vita af sér og netfangi sínu.

Kvennanefndin þakkar gott samstarf við framkvæmdastjórn og starfsfólks klúbbsins, ásamt frábæru samstarfi við starfsfólk

veitingasölnunnar. Kvennanefndin er líka mjög þakklát öllum þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem stutt hafa vel við kvennastarfið á árinu með fjölda gjafa sem notaðar hafa verið sem verðlaun á kvennamótunum okkar. Kvennanefndin er mjög stolt af árangri kvennastarfsins og væntir þess að það styrkist áfram ár frá ári. Það á án efa sinn þátt í að konunum í Golfklúbbnum Oddi muni enn halda áfram að fjölga og þar með efla kvennastarfið enn frekar á komandi árum.

Þeim konum, sem starfað hafa í kvennanefndinni í ár, vil ég þakka frábært og vel unnið starf og vænti þess að árið 2018 verði skemmtilegt og árangursríkt, enda alltaf spennandi verkefni framundan.

F.h. kvennanefndar Golfklúbbsins Odds  
Inga Engilberts formaður (engilberts@simnet.is)



## Engin kæra til aganefndar

Aganefnd þetta árið skipuðu Guðmundína Ragnarsdóttir, Þórður Ingason og Gunnar Viðar. Aganefnd þurfti aldrei að koma saman þetta árið vegna agabrots. Þannig að árið var rólegt hjá aganefnd eins og svo oft áður.

F.h. aganefndar,  
Guðmundína Ragnarsdóttir formaður.



Vefsíða Golfklúbbsins Odds - oddur.is - er grunnstoð í félagsstarfi GO og hefur að geyma helstu upplýsingar um starf klúbbsins.

Síðunni er ekki síst ætlað að koma mikilvægum skilaboðum áleiðis til félagsmanna.

Heimsóknum á síðuna fækkaði frá síðasta ári sem væntanlega tengist því að Evrópumótið skilaði umferð á heimasíðu okkar sem svo átti ekki við á liðnu ári. Við sjáum í því samhengi kannski teningu við að færri konur skoðuðu síðuna í ár en í fyrra skv. mælingum

**Notkun á síðunni Oddur.is á starfsárinu 2017:**

- Innlit: 37.646 (49.653)
- Notendur: 14.026 (19.025)
- Flettingar: 112.447 (128.735)
- Meðaltími á oddur.is: 2.47 mín. (2.15 mín)
- \*Frá 1. nóvember 2016 - 31. október 2017

**Innlit á oddur.is eftir kynjum:**

- Karlar: 64,50%
- Konur: 35,50%

**Notkun á oddur.is eftir tækjum:**

- Tölvur: 64,5%
- Snjallsímar: 22,1%
- Spjaldtölvur: 13,4%

Facebook er mjög áhrifamikill og mikilvægur samskiptamiðill fyrir Golfklúbbinn Odd til að hafa samskipti við félagsmenn og aðra kylfinga á Íslandi og víðar. Fjöldi þeirra sem „líkar“ síðuna hefur vaxið undanfarin ár. Í dag eru rúmlega 1200 fylgjendur og hefur þeim fjölgað um 10% á árinu 2017.

**Tölfræði um Facebook Golfklúbbsins Odds:**

- Fylgjendur: 1225
- Karlar: 56%
- Konur 44%

Fréttabréf Golfklúbbsins Odds þjónar mikilvægum tilgangi við að koma öllum helstu upplýsingum hratt og örugglega til félagsmanna klúbbsins. Á meðan golfvertíð stendur, sendir klúbburinn u.þ.b. einn póst til félagsmanna á viku. Póstlistinn hefur vaxið á árinu og eru nær allir félagsmenn skráðir og fá þannig fréttir frá klúbbum beint í pósthólfíð.

Ef þú ert ekki að fá póst biðjum við þig að senda okkur póst á oddur@oddur.is og við kippum því í liðinn

**Hagnýtar upplýsingar um Fréttabréf GO**


- Fjöldi pósta 2017: 22 póstar
- Fjöldi á póstlista: 1.077

# Tölfræði úr skoðanakönnun Golfklúbbsins Odds 2017




Við settum saman skoðanakönnun í haust og birtum hér helstu niðurstöður. Ýmislegt fróðlegt kom út úr könnuninni og gaman var að sjá þegar við sátum golfþing golfsambandsins að samræmi var í stórri könnun GSÍ og okkar. Segja má að almenn ánægja sé með öll störf á vellinum, völlurinn sjálfur er í fremstu röð og vissulega tókum við eitt og annað út úr þessari könnun sem hægt er að vinna í á næstu árum.


Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með gæði Urriðavallar í sumar?




Fyrirtækjamót og samstarfssamningar þeim tengdum eru veigamikill þáttur í fjáröflun GO. Finnst þér fjöldi fyrirtækjamóta í ár hafa verið




Hvernig finnst þér leikhraði á vellinum hafi verið í sumar?




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með aðgengi á rástímum í sumar?




### Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með vallaraðstoð/eftirlit á vellinum í sumar?




### Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu og viðmót starfsfólks rástímabókana/afgreiðslu?




### Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með breytinguna sem gerð var á Meistarmótinu í sumar, að fjölga mótisdögum í 8 og opna fyrir almennan golfleik eftir kl.15:00 þann tíma sem mótið stóð?




### Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með félagsandann í GO?




### Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með heimasíðu GO, www.Oddur.is?




### Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með framboð og gæði veitinga Öðlings?



### Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með upplýsingaflæði frá starfsfólki og stjórn GO?




### Hvernig sækir þú þér helst upplýsingar varðandi GO?




# Tölfræði Golfklúbbsins Odds 2017


Skipting félaga eftir búsetu 2017




Bókaðir hringir eftir mánuðum 2017



Kynjaskipting 2017



Skipting félaga eftir aldri 2017



## Umferð á Urriðavöllum

Fjöldi bókaðra hringja á Urriðavöllum: 23.946  
 Vinsælasti rástíminn: 10:00  
 Heimsóknir erlendra kylfinga 2017: 297

## Leikhraði á Urriðavelli

18 holu hringur:  
 Meðalhraði 2016: 04:03 klst  
 Meðalhraði 2017: 04:06 klst

## Forgjafarþróun í Golfklúbbum Odds 2017

Meðalforgjöf 2015: 26,85  
 Meðalforgjöf 2016: 28,11  
 Meðalforgjöf 2017: 28,69  
 Meðalforgjafarhækkun félaga GO 2017:  
 0,6 í hækkun

*Breytingar á forgjafarreglum hækkaði byrjendaforgjöf upp í 54 sem heldur meðalforgjöf uppi um sinn.*

## Leiknir forgjafarhringir hjá félögum GO:

1123 félagar GO léku forgjafarhring á árinu 2017  
 82 léku ekki forgjafarhring á árinu 2017

## Endurskoðun forgjafar 2018 gerir ráð fyrir að:

110 kylfingar hækki  
 57 kylfingar lækka  
 955 kylfingar standa í stað  
 84 eru óvirkir

## Mest lækkun kylfinga í GO 2017:

Nafn - Forgjöf frá - Forgjöf til - Mismunur  
 1. Ragnhildur Sigurðardóttir 54,0 - 21,4 - 32,6  
 2. Smári Grétar Sveinsson 54,0 - 29,5 - 24,5  
 3. Ríkhartur Flemming Jensen 54,0 - 32,0 - 22,0  
 4. Skarphéðinn Pétur Óskarsson 54,0 - 32,5 - 21,5

## Félagafjöldi:

Fjöldi félaga í GO: 1206  
 Fjöldi karla: 715  
 Fjöldi kvenna: 491  
 Ljúflingsaðild: 131





# Skýrsla mótanefndar GO 2017



*Valdimar Júlíusson, formaður mótanefndar GO*

Kæru félagar.

Mér datt í hug að fara yfir árin sem ég hef verið viðloðandi mótamál GO. Ég held ég muni rétt að ég sé að klára 13. árið mitt en fyrstu tvö árin voru undir leiðsögn Baldurs Hólmsteinssonar.

Fyrsta árið sem ég var formaður mótanefndar var árið 2007 þá eru skráð á golf.is um 30 mót í mótaskrá. Engin boðsmót eða hópar eru skráð í mótaskrá þetta ár. Á golf.is árið 2017 eru 54 mót skráð í mótaskrá. Mér brá þó nokkuð er ég sá fjöldann af mótum þetta árið. Ég ákvað að fara yfir hvernig mót þetta væru og hvers vegna þessi gífurlega aukning. Af þessum 54 mótum eru: 10 boðsmót. 24 hópamót. 7 opin eða hálf opin mót og að lokum þá erum við Oddarar með 13 innanfélagsmót.

Til að útskýra þetta nánar svo við áttum okkur á daga-fjölda og rástímum sem fara í mótin þá er best að byrja á innanfélagsmótunum. Opnunarmót, lokamót liðakeppninar, lokamót kvenna og bændaglíman fóru fram á laugardegi. Öll mótin nema opnunarmótið var með ræsingum af öllum teigum á sama tíma sem þýðir að ekki þurfti að loka öllum deginum vegna þeirra móta. Liðakeppnisdagarnir fóru fram á

virikum dögum og var þannig háttáð að þeir klúbbsfélagar sem voru ekki í liðum gátu skráð sig á rástíma í mótin ef það var laust og þurftu ekki að greiða mótsgjald. Vinkvennamótin voru líka á virikum degi og ræsingum lokið fyrir kl. 16.00. Meistarmótið okkar tók breytingum þannig að byrjað var á laugardegi og endað á laugardegi. Hugmyndin með breytingunni var að geta opnað völlinn fyrr á daginn þegar ræsingum þess dags væri lokið. Mikil ánægja var með þessa breytingu og gátum við oftast opnað völlinn fyrir almennt spil um kl. 14.00 - 16.00. Þó við höfðum bætt við einum degi þá var það til þess að fleiri rástímar voru í boði alla dagana.





Hópagolf hefur aukist gífurlega undanfarin ár þ.s. vinir og kunningjar búa til hópa og keppa sín á milli allt sumarið á hinum og þessum völlum. Þessir hópar eru með skráða rástíma frá 30 mín. - 120 mín. 4 - 12 rástímar. Við hjá Oddi höfum alltaf veitt þá þjónustu til þessara hópa að skrá fyrir þau skor til að auðvelda fyrir hópana að halda skor og stöðu. Til að geta það þarf að stofna mót í mótastjóra golf.is og sjá allir þau mót sem eru þar stofnuð. Eins og áður sagði eru þetta 24 af 52 mótum sem skráð eru hjá okkur.

Boðsmótin eru í raun ekki á vegum mótanefndar nema óskað sé eftir því. Þessi mót eru líka skráð inn á golf.is og voru 10 slík skráð í mótaskrána. Boðsmótum er reynt að koma fyrir á fimmtudögum eða föstudögum.

Opin mót eru mót sem allir geta skráð sig í t.d. ZO-ON en hálf opin eins og ég vil kalla það eru þau mót þar sem tveir eða fleiri hópar eða félög geta skráð sig í eins og t.d. Læknar á móti lögfræðingum. Þessi mót voru 7 í sumar.

Hátíð flestra kylfinga í GO er þegar meistaramótið er haldið. Menn, konur og börn mæta með bros á vör og vita að mesta áskorun sumarsins er næstu daga og glímt er við völl, veður og sjálfan sig og margir kylfingar skilja ekkert í því hvers vegna skorið er ekki

betra eða af hverju það var svona gott. Málið er að þegar í svona mót er komið vilja kylfingar oft breyta sínu vanaferli og verða allt í einu allt aðrir kylfingar en þeir voru vikunni áður. Af hverju er það? Jú eins og Arnold Palmer sagði: Golfvöllurinn er í raun bara ca. 10-15 cm langur þegar á reynir. Þetta gerist allt í kollinum góða.

Klúbbmeistarar Odds 2017 eru: Rögnvaldur Magnússon og Hrafnhildur Guðjónsdóttir.

Holumeistari Odds 2017 er: Hilmar Vilhjálmsson.

Liðakeppnismeistarar “powerademótaröðinni” 2017 er liðið: Hæg breytileg átt.

Liðið var þannig skipað: Þorbjörn Þórðarson, Halldór Reynir Halldórsson, Þorsteinn Einarsson, Vilberg Grímur Helgason, Gunnar Ólafur Bjarnason og Kristinn Bjarnason.

Ég vil að lokum þakka öllum sem komu að mótahaldi í sumar og gáfu af tíma sínum með gleði, þið vitið hver þið eruð og þið megið alveg gefa ykkur gott klapp á öxlina.

Með golfkveðju.

Valdimar Júlíusson formaður mótanefndar.





Það má með sanni segja að tilgangur íþróttafélags sem stendur í íþróttastarfi sé að veita þeim félagsmönnum ungum og öldnum bæði afreksmönnum jafnt og þeim sem skemmra eru á veg komnir, aðbúnað og atlæti sem jafnast á við það sem best gerist hjá öðrum golfklúbbum.

Það er uppgangur í golfi á Íslandi, við eigum í dag frábærar fyrirmyndir sem líklega munu styðja við uppgang golfsins næstu ár og framtíðin virðist vera nokkuð björt á landsvísi. Stór partur af velgengninni og óumdeildur er bætt aðstaða til golfiðkunar. Við sjáum að golfklúbbar í nágrenni okkar hafa markvisst unnið að því síðustu ár og eru enn að vinna að því að bæta aðstöðu bæði íþrótt- og félagsstarfs innan síns svæðis. Þetta er hluti af uppganginum og þetta þurfum við að nýta okkur.

Við í golfklúbbnum Oddi höfum í gegnum árin aðlagð okkur að þeim aðstæðum sem eru í boði á hverjum tíma og þó aðstæður hafi bæði verið frábærar hjá okkur síðustu ár þá höfum við einnig verið undir aðra komin með aðstöðu og það er alltaf erfitt.

Við fundum fyrir því í sumar að barna og unglíngastarfið náði sér ekki alveg á flug eins og vonir stóðu til um. Okkur vantar börn í starfið og þegar okkar helstu nágrennar taka risaskref í átt að bættri aðstöðu og aðgengi að golfi fyrir þessa hópa er auðvelt að ætla að þeir sem ekki geta boðið sambærilegt, dragist aftur úr.

Þegar við hófum starfsárið 2016-2017 fengum við inni í Kórnum í Kópavogi í aðstöðu GKG. Við

stóðum frammi fyrir því að þurfa að nýta 5 klst á viku fyrir æfingar, þrjár fóru í unglíngastarfið og tvær klukkustundir voru aflögu fyrir starf okkar eldri sveita. Þessir tímar voru nýttir vel en alltaf erfitt að ráða ekki för í tímasetningum og skipulagi, vera eiginlega að mæta afgangi.

Ég hef áður í skýrslu afreksnefndar talað um aðstöðuna okkar eða frekar aðstöðuleysi en við leitum lausna og ein af þeim verður líklega sú þetta árið að nýta veitingasal okkar í golfskálanum undir æfingar, setja upp þúttteppi og bjóða félagsmönnum að sjálfsgöðu einnig að nýta sér þá aðstöðu. Þannig vonumst við til þess að nýta kannski Lærling líka ef veðrið verður í lagi. Þarna náum við vonandi að taka fyrsta skrefið í átt að því að herna innan svæðis verðum við orðin sjálfstæð á næstu árum hvað varðar aðstöðu og samanburðarhæf við aðra golfklúbba.

### Starfið í sumar

Árangur sumarsins hjá okkar afreksstarfi var að mörgu leiti frábær það skyggði aðeins á starfið að í fyrsta sinn í tíð minni sem formanns afreksnefndar áttum við ekki fulltrúa í keppni unglínga á mótum GSÍ en okkar eldri keppnissveitir voru frábærar og einnig sú eina unga sveit sem við sendum til keppni á Íslandsmót golfklúbba 12 ára og yngri.

Í keppni 12 ára og yngri var leikið á þremur golfvöllum, leiknar 9 holur og keppt í einum 6 liða riðli. Mótið var nýtt af nálíni og almenn ánægja var með framkvæmd þess. Okkar drengir voru að mæta sterkum liðum sem flest höfðu á að skipa



drengjum og stúlkum á aldrinum 11-12 ára en okkar sveit var skipuð fjórum drengjum 7-11 ára og stóðu þeir sem frábærlega. Liðið náði vinningum í öllum leikjum nema einum, sigruðu einn leik, náðu einu jafntefli og töpuðu þremur leikjum og endaðu í 5. sæti og öruggt er að við munum reyna að byggja á þessum árangri á næstu árum og vonandi fjölga keppendum á þessu keppnisstigi.

Af okkar eldri sveitum er fyrst að nefna að sveit karla keppti í þriðju deild og sigraði deildina með glæsibrag. Markmiðið hafði verið sett á 2. deild og það náðist en ljóst er að stækka þarf keppnisveitina okkar fyrir vikið á komandi ári og verður það skemmtilegt verkefni og vonandi sjáum við gamlar kempur vakna aftur og styrkja okkar sveit. Keppnisveitin þetta árið var skipuð þeim Rögnvaldi Magnússyni, Ottó Axel Bjartmarz, Skúla Ágústi Arnarssyni, Theodóri Sölva Blöndal, Óskari Bjarna Ingasyni og Phill Hunter sem einnig var liðsstjóri.

Hjá kvennaliði GO var það sama sagan og undanfarin ár þegar liðið var enn á ný fært upp um deild fyrir keppni. Liðið hafði sett sér markmið að sigra 2. deildina og byggja á þeirri stemmingu á næsta keppnisári, að koma inn sem sigurvegari. Þó

markmiðið hafi breyst með breyttum aðstæðum er skemmst frá því að segja að liðið kemur sannarlega inn á næsta ári sem sigurvegari þar sem þeim tókst að halda sér í efstu deild kvenna þegar þær náðu 6. sæti sem er frábær árangur. Kvennalið Odds sannaði þar með að liðið er verðugur fulltrúi á stóra sviðinu og sýndi hversu mikils virði góð liðsheild er. Lið GO kvenna skipuðu þær: Sólveig Guðmundsdóttir, Auður Skúladóttir, Ólöf Agnes Arnardóttir, Laufey Sigurðardóttir, Elín Hrönn Ólafsdóttir, Hrafnhildur Guðjónsdóttir, Etna Sigurðardóttir, Berglind Rut Hilmarsdóttir og liðsstjóri var Kristjana S. Þorsteinsdóttir.

Eldri karlar lék í Öndverðarnesi og góður hugur var í mönnum að fylgja eftir frábærum árangri síðustu ára. Sveit GO var vissulega á tánum og átti góða leiki en náði ekki sama flugi og undanfarin ár og endaði í 6. sæti. Ljóst er að keppni í þessum flokki er að verða meiri með hverju árinu vegna breyttra aldursviðmiða og verðum við að vona að okkar lið taki á því hvort sem yngri leikmenn komi inn eða þeir eldri og reyndari stígi skref áfram og bæti sig. Sveit GO skipuðu þeir Phill Hunter, Guðjón Steinarsson, Ragnar Gíslason, Hafsteinn E. Hafsteinnsson, Vignir Sigurðsson, Bjarki Sigurðsson, Reynir Daníelsson, Ingi Þór Hermannsson og Ægir Vopni Ármannsson.

Eldri konur lék í efstu deild og leikið var í Vestmannaeyjum. Það hefur verið verkefni undanfarin ár að hvetja konur til þátttöku í æfingastarfi kvenna með það að leiðarljósi að vilja vera fulltrúar okkar í keppni. Vonandi skilar það sér á næstu árum en liðið sem lék í Vestmannaeyjum var sterkt og þar skipuðu liðið konur sem undanfarin ár hafa borið þetta starf uppi ásamt því að í hópinn bættust sterkar keppiskonur. Rögnvaldur





*Kvennalið GO - eldri konur*

Magnússon golfkennari var liðinu til halds og trausts en þær hafa mátt setta sig við það á undanförunum árum að vera nokkuð einar á báti í keppni og voru þær gífurlega ánægðar með hans aðkomu. Liðið átti fínt mót og endaði í 6. sæti. Liðið skipuðu þær Aldís Björg Arnardóttir, Ágústa Arna Grétarsdóttir, Jóhanna Dröfn Kristinsdóttir, Hlíf Hansen, Hulda Hallgrímsdóttir, Anna María Sigurðardóttir, Laufey Sigurðardóttir og Dýrleif Arna Guðmundsdóttir ásamt því að Rögnvaldur Magnússon var liðsstjóri.



*Kvennalið GO - yngri konur*

Staða okkar í GO í aðstöðumálum er kannski ekki sú ákjósanlegasta eins og sakir standa en vissulega má segja að við horfum björtum augum til framtíðar og eigum okkar íþróttafólki mikið að þakka fyrir þeirra framlag og þolinmæði síðustu ár. Við þurfum að nýta okkur þann vind sem við finnum í seglunum, það er fjölgun á sumarnámskeiðum, það er að færast byggð að túnfæti vallarins, það er uppgangur í golfíþróttinni á landsvísu, það er pláss til uppbyggingar innan svæðis, það er skilningur í sveitarfélögum í þessa átt og því eru tækifæri í gremnd.



*Jón Otti Sigurjónsson*

Ég tel að það sé brýn þörf á að fara vel yfir þessi mál til framtíðar og sækja um jöfnuð innan okkar bæjarfélags svo við getum boðið okkar íþróttafólki núverandi og verðandi góða aðstöðu eins og sjá má hjá okkar næstu nágroñnum.

Með von um líflegt og farsælt starf á komandi ári,  
Svavar Geir Svavarsson, formaður afreksnefndar GO



*Laufey, Sólveig og Elín á góðri stundu í meistaramótinu*

# Skýrsla félagsnefndar GO



Í félagsnefnd eru: Ari Þórðarson formaður. Aðrir eru Kristjana Þorsteinsdóttir, Örn Bjarnason og Þór Ottesen Pétursson. Svavar Geir Svavarsson starfsmaður Odds vinnur með nefndinni.

Starf nefndarinnar hófst í maí sl. þegar hópurinn kom saman í fyrsta skipti til að skiptast á hugmyndum um möguleg verkefni og markmið nefndarinnar. Fjöldi hugmynda leit dagsins ljós á þessum fyrsta fundi. Mikill áhugi kom fram hjá hópnum um að standa fyrir nokkrum viðburðum á starfsárinu með sérstaka áherslu á tímum utan háannatíma í golfinu.

Nefndin fundaði nokkrum sinnum fram í júlí en gerði þá hlé á starfinu fram á haustið og tók aftur til óspilltra málanna í október.

Félagsnefndin stóð fyrir eða tók þátt í eftirtöldum viðburðum á árinu:

- Golfreglunámskeið þann 27. maí
- Nýliðafræðsla þann 12. júní
- Meistaramótsfyrirlestur Rögggu Sig þann 29. júní
- Vínsmökkunanámskeið 24. nóvember

Undirbúningur er hafinn að starfseminni eftir áramótin og er eftirtalið sem unnið er að:

- Gönguhópur – byrjar í janúar
- Herrakvöld eða sambærilegt – væntanlega í febrúar
- Þúttastaða í klúbbhúsinu – vonandi eftir áramótin

Félagsnefnd þakkar þeim félögum Odds sem tóku þátt í einhverjum að þeim viðurðum sem nefndin kom að á starfsárinu og auðvitað snillingunum Svavari og Þorvaldi fyrir mjög gott samstarf. Við hlökkum til næsta starfsárs.

Ari Þórðarson







**BORGUN**



**SAMSUNG**

**samskip**